

Breytingartillögur borgarfulltrúa Vinstri grænna við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2024

V1 – Tillaga um fjölgun nemenda í skólahljómsveitum

Lagt er til að fjárheimild skóla- og frístundasviðs verði hækkuð um 30 milljónir svo unnt sé að fjölga nemendum við skólahljómsveitir Reykjavíkur og losa um biðlista. Útgjaldauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð kostn.st. 09205.

V2 – Tillaga um að endurvekja viðbótarbókakaup

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 10.000 þ.kr. og viðbótarbókakaup skólabókasafnanna verði endurvakin. Útgjaldauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð kostn.st. 09205.

V3 – Tillaga um nýjan styrkjaþott fyrir grunnskóla

Lagt er til að fjárheimild skóla- og frístundasviðs verði hækkuð um 15 milljónir sem fara í nýjan styrkjaþott fyrir grunnskólana svo þeir geti sótt fleiri viðburði í listar- og menningarstarfi, hlýtt á tónlistarflutning og fyrirlestra eða annað sem samræmist markmiðum aðalnámskrár. Útfærsla og reglur styrkjaþotts verði lögð fram í skóla- og frístundaráði eigi síðar en 1. febrúar 2024. Útgjaldauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð kostn.st. 09205.

V4 – Tillaga að breytingu á íbúaráðunum

Lagt er til að leggja niður íbúaráðin í þeirri mynd sem þau eru í dag og fela ofbeldis- og mannréttindaráði verkefni þeirra og í framhaldinu finna betri leiðir til að auka og efla lýðræðislega aðkomu og þátttöku borgarbúa í verkefnum og viðfangsefnum borgarinnar. Gera má ráð fyrir sparnaði sem nemur 68.300 þ.kr. á ársgrundvelli sem flyst yfir á handbært fé.

V5 – Tillaga að breytingu á gjaldskyldusvæðis bílastæðasjóðs

Lagt er til að gjaldskyldusvæði bílastæðasjóðs verði komið á í öllu borgarlandinu.

V6 – Tillaga að breytingu á stafrænu ráði

Lagt er til að stafrænt ráð verði lagt niður og verkefni þess færð undir borgarráð.

V7 – Tillaga að breytingu á fundarkostnaði/launagreiðslum varamanna í ráðum og nefndum

Lagt er til að fundarkostnaður/launagreiðslur varamanna í ráðum og nefndum á sviðum verði afnuminn.

V8 – Tillaga að breytingu á fjárframlögum stjórnmalaflokka

Lagt er til að færa niður viðmiðunarupphæð að fjárframlögum til stjórnmalaflokka úr 24.026 þ.kr. í 1 m.kr.